

Föstudaginn 17. nóvember 1989.

Nr. 313/1987. **Egill Ólafsson**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Orkutækni hf.

(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Lausafjárkaup. Galli. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1987. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda gegn afhendingu á heyhleðsluvagni þeim, sem málið snýst um. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti heyhleðsluvagn af stefnda í júlí 1986. Hann kvartaði áan tafar um, að tiltekna hlífar vantaði. Féllst stefndi á að setja þær á, ef Vinnueftirlit ríkisins krefðist, að það yrði gert. Með símskeyti í ágúst 1986 tilkynnti áfrýjandi stefnda, að hann rifti kaupunum, vegna þess að vagninn væri vanbúinn hlífum. Stefndi mótmælti riftun, og hefur vagninn verið í vörslum á vegum áfrýjanda til þessa. Athugasemdir í bréfi Vinnueftirlits ríkisins frá 19. september 1986 eru raktar í héraðsdómi.

Af dómskýrslum er ljóst, að báðir aðilar töldu, að auðvelt og kostnaðarlítið væri að setja á vagninn þær hlífar, sem áfrýjandi taldi vanta. Þá er einnig ljóst, að kostnaður við að gera breytingar á vagninum, svo að hann fullnægði kröfum Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt framangreindu bréfi frá 19. september 1986, er lítill miðað við verð vagnsins. Verður ekki talið, að vagninn hafi verið haldinn galla, er heimilað hafi riftun samkvæmt 43. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup.

Eigi verður fallist á það með áfrýjanda, að skilyrði hafi verið til þess að víkja kaupsamningi aðila til hliðar á grundvelli 36. gr. laga

nr. 7/1936, um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 11/1986.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en vexti og málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda vexti, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað samtals 100.000,00 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en vexti og málskostnað.

Áfrýjandi, Egill Ólafsson, greiði stefnda, Orkutækni hf., 27% ársvexti af til dæmdri fjárhæð frá 8. ágúst 1986 til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði áfrýjandi stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október 1987, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. febrúar 1987, af Orkutækni hf., nafn nr. 6901-3074, Hyrjarhöfða 3, Reykjavík, gegn Agli Ólafssyni, nafn nr. 1731-6931, Hnjóti, Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 376.000,00 kr. með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. ágúst 1986 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess krafist, að til dæmdir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar án árangurs.

II.

Stefnandi kveður málavexti þá, að um miðjan júlí 1986 hafi stefndi pantað símleiðis heyhleðsluvagn af gerðinni Maragon Faster 40 með drifskafi, árgerð 1986. Hinn 18. júlí s.á. hafi vagninn verið sendur með Ríkis-

skipum. Umsamið kaupverð vagnsins hafi verið 376.000,00 kr., og hafi stefnda verið sendur reikningur 8. ágúst 1986, nr. 1024, um greiðslu þeirrar fjárhæðar. Með símskeyti, dags. 15. ágúst 1986, hafi stefndi hins vegar tilkynnt stefnanda, að vagninn hefði verið endursendur, og væri ástæðan sú, að á hann vantaði hlíf. Af hálfu stefnanda hafi verið sent símskeyti, þar sem neitað hefði verið að taka við vagninum, en jafnframt boðið að setja hlífar á vagninn, krefðist Vinnueftirlit ríkisins þess.

Sams konar vagn og hér um ræði hafi farið í skoðun til Vinnueftirlits ríkisins. Í skoðunarovottorði þess, dags. 19. september 1986, séu gerðar smávægilegar athugasemdir við búnað vagnsins, þ.e. vöntun á glitaugum, stöðuhemli eða öðrum kyrrstöðubúnaði, og áletrun á vagninn um nafn innflytjanda. Engin athugasemd hafi verið gerð vegna skorts á öryggishlífum.

Með bréfi þáverandi lögmanns stefnanda, Árna Einarssonar hdl., dags. 28. ágúst 1986, sé stefndi krafinn um greiðslu reikningsfjárhæðarinnar. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 9. september, sé kröfunni mótmælt á fyrrgreindum forsendum og haldið fast við riftun. Skuld stefnda hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli.

Stefnandi telji, að engar þær vanefndir séu af hans hálfu í viðskiptum þessum, er réttlætt geti einhliða og fyrirvaralaus riftun.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningsréttarins og laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, einkum 28. gr. Um varnarþing vísar stefnandi til 82. gr. 1. nr. 85/1936.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að hann hafi átt heyhleðsluvagn af gerðinni Kemper Ideal, en hafi haft hug á að fá sér vagn með meiri flutningsgetu. Sumarið 1986 hafi hann heyrt í útvarpi auglýsingu frá stefnanda, þar sem auglýstir voru heyhleðsluvagnar af Maragon-gerð, og hafi stefndi ráðið af auglýsingunni, að þarna væri í boði vagn, sem hentaði sér. Hafi hann hringt til stefnanda, og eftir að bæði hann og sonur sinn, Kristinn, hefðu fengið nokkrar upplýsingar um vagninn, svo sem um stærð og burðargetu, hafi hann pantað vagn þann, sem um ræðir í málinu. Vagninn hafi komið til Patreksfjarðar 19. júlí 1986, og hafi Kristinn, sonur stefnda, sótt vagninn næsta dag. Kristinn hafi strax veitt því athygli, að öxull framan á vagninum, sem knýi sópvinduna, var óvarinn, þ.e. án hlífar, og enn fremur, að opið var inn á sópvinduna og gafflana á vinstri hlið vagnsins. Þetta hafi Kristinn talið óforsvaranlegan og hættulegan útbúnað á landbúnaðartæki við íslenskar aðstæður, en á Hnjóti sem víðar séu ávallt börn og unglingar í sumardvöl, sem vinni með fullorðnum að heyskapnum. Þeir feðgar hafi gætt þess vel að hafa búvélar sem best búnar öryggistækjum. Kristinn hafi ákveðið að taka vagninn ekki í notkun að svo komnu máli, og hafi stefndi verið sömu skoðunar. Eftir helgina hafi Kristinn haft samband við Vinnueftirlit ríkisins, lýst vanbúnaði þeim á vagninum, sem

að framan greinir, og óskað álits stofnunarinnar á honum. Maður frá Vinnueftirlitinu muni síðan í framhaldi af því hafa skoðað sams konar vagn hjá stefnanda. Í samtali, sem Kristinn hafi átt við starfsmann stofnunarinnar eftir það, hafi komið fram, að upplýst hefði verið, að slíkur vagn væri í búvélapröfun hjá bútæknideild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarsins, og að henni lokinni myndi Vinnueftirlitið gera sínar athugasemdir við vagninn. Fyrr væri stofnunin ekki reiðubúin að gefa umsögn sína. Um það bil 24. júlí hafi Kristinn talað við starfsmann stefnanda og tjáð honum, að hann gæti ekki sætt sig við vagninn svo vanbúinn hlífum og að þeir feðgar myndu ekki taka hann í notkun að svo vöxnu máli. Þeir feðgar báðir hafi síðan átt símtöl við starfsmenn stefnanda um málið eftir þetta, en svör starfsmanna hefðu verið á þá leið, að þeir myndu ekki búa vagninn frekari hlífum, nema Vinnueftirlitið krefðist þess, en það aftur á móti hafi ekki talið sig geta tekið afstöðu til málsins, fyrr en prófun á vagninum hjá bútæknideildinni væri lokið. Er Kristni hafi tekið að leiðast þóf þetta, hafi hann hringt til stefnanda og sagst myndu senda vagninn til Reykjavíkur, þar sem ekkert hefði verið gert til úrbóta, en sá, sem hann hafi talað við, hafi sagt, að hann myndi ekki veita vagninum viðtöku. Stefndi hafi sent vagninn eigi að síður, og hafi aðilar skipst á skeytum í því sambandi.

Málsástæður stefnda eru þær, að umræddur vagn sé vanbúinn hlífum og af þeim sökum hættulegur börnum og unglingum, sem aðstoði við hirðingu, þegar hann sé í notkun. Við skoðun Vinnueftirlits ríkisins hafi enn fremur komið í ljós, að enginn stöðuhemill sé á vagninum né annar búnaður til að tryggja stöðu hans í halla, sé hann ekki tengdur dráttarvélinni. Þar við bætist, að glitaugu séu ekki á vagninum, þótt skylt sé að hafa á honum slíkan búnað skv. 37. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, sé hann notaður á alfaraleiðum, en þar séu allir slíkir vagnar notaðir meira eða minna. Með vísan til þessa og þar sem stefndi sá ekki vagninn, fyrr en hann var kominn vestur, og kvartaði þá án ástæðulauss dráttar, sé það andstætt góðri viðskiptavenju, að stefnandi skuli vilja halda kaupunum til streitu, eftir að honum hafi verið kynnt umrædd atriði og fram sé komið, að stefndi sætti sig ekki við ástand vagnsins. Af þeim sökum telji stefndi, að víkja beri munnlegum samningi þeirra um kaupin til hliðar, sbr. 36. gr. 1. nr. 7/1936 með hliðsjón af 42. gr. 1. nr. 39/1922.

III.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að stefndi pantaði hjá stefnanda heyhleðsluvagn af gerðinni Maragon Faster 40. Enginn ágreiningur er um verð eða afhendingu vagnsins til stefnanda.

Fram hefur komið við yfirheyrslur, að stefndi leitaði upplýsinga hjá

stefnanda um vagninn, og eftir ábendingu stefnanda hafði sonur stefnda samband við bónda nokkurn, er keypt hafði slíkan vagn hjá stefnanda, og aflaði sér frekari upplýsinga hjá honum um vagninn.

Með símskeyti, dags. 15. ágúst 1986, tilkynnti stefndi stefnanda, að hann endursendi honum vagninn með Ríkisskipum, þar sem vagninn væri vanbúinn hlífum.

Umræddur vagn fór í búvélaprófun hjá nútæknideild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á Hvanneyri. Ekki er að finna í niðurstöðum þeirrar prófunar neinar athugasemdir um, að öryggishlífar skorti á vagn þennan eða að búnaði vagnsins að þessu leyti sé ábótavant.

Skv. l. nr. 46/1980 skoðuðu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins heyhleðsluvagn sömu tegundar og stefndi pantaði hjá stefnanda og samþykktu hann með þremur eftirfarandi athugasemdum:

1. Enginn stöðuhemill er á vagninum né annar búnaður til að tryggja kyrrstöðu hans í halla, sé hann ekki tengdur dráttarvélinni. Hverjum vagni skulu a.m.k. fylgja sérstakir klossar, ætlaðir til að skorða við hjól hans, ef skilja þarf við vagninn í halla.
2. Glitaugu eru ekki á vagninum. Sé vagn þessi notaður á alfaraleiðum, skal hann búinn glitaugum, sbr. ákv. 37. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.
3. Greinileg áletrun skal vera á vagninum með nafni innflytjanda, sbr. ákv. 30. gr. í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Engar athugasemdir voru gerðar um skort á öryggishlífum.

Stefndi pantaði hjá stefnanda heyhleðsluvagn ákveðinnar tegundar, eftir að hann hafði aflað sér upplýsinga um hann, og fyrir liggur, að gagnvart stefnanda gerði stefndi engar kröfur um sérstakan öryggisbúnað umfram það, sem vagninn hafði frá framleiðanda. Ekki verður á það fallist, að stefnandi beri ábyrgð á því, að stefndi lætur hjá líða að kynna sér öryggisbúnað vagnsins, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á, að skortur á hlífum né önnur þau atriði, sem tilgreind hafa verið af hans hálfu, teljist galli í skilningi 42. gr. l. nr. 39/1922. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á, að um þau atvik sé að ræða varðandi samning aðila, að víkja beri honum til hliðar skv. 36. gr. l. nr. 7/1936. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að frá 6. maí 1987 dæmast 27% ársvextir af stefnufjárhæð til greiðsludags.

Eftir úrslitum máls þessa ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 86.000,00 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Egill Ólafsson, greiði stefnanda, Orkutækni hf., 376.000,00 kr. með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 8. ágúst 1986 til 6. maí 1987, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, og 86.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
